



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri



10|11

FJARNÁM VIÐ
HÁSKÓLANN Á AKUREYRI

www.unak.is



TILHÖGUN FJARNÁMS

Kennsla og samskipti fara ýmist fram á myndfundum eða í námslotum. Öll námskeið hafa heimasíðu í rafrænu kennslukerfi þar sem nemandur hafa til dæmis aðgang að upptökum úr dagskóla, námsefni frá kennara og tækjum til samskipta, verkefnavinnu og próftöku.

Haustið 2010 býður Háskólinn á Akureyri væntanlegum nemendum að innrita sig í fjarnám á eftirfarandi fræðasviðum:


Nám	Gráða	Einingar
Heilbrigðisvísindasvið		
Hjúkrunarfræði*	B.S.	240 ECTS
Iðjuþjálfunarfræði	B.S.	240 ECTS
Hug- og félagsvísindadeild		
Kennarafræði (á leik- og grunnskólastigi)	B.Ed.	180 ECTS
Kennarafræði	M.Ed.**	120 ECTS
Viðskipta- og raunvísindadeild		
Líftækni	B.S.	180 ECTS
Sjávarútvegsfræði	B.S.	180 ECTS
Umhverfis- og orkufræði	B.S.	180 ECTS
Viðskiptafræði	B.S.	180 ECTS

* í boði á Akranesi

** Hefst haustið 2012

Annað

- ▶ Fyrirkomulag fjarnáms er sniðið að hverri deild og því er nokkur breytileiki á milli þeirra.
- ▶ Fjarnemar greiða sömu innritunargjöld og aðrir nemendur við háskólann, kr. 45.000. Til sumra fræðslu- og símenntunarmiðstöðva þarf einnig að greiða hófleg aðstöðugjöld.
- ▶ Umsóknarfrestur er til 5. júní.
- ▶ Nánari upplýsingar eru veittar hjá viðkomandi sviðum.
- ▶ Í kynningarbæklingum einstakra námsbrauta má sjá töflur yfir námsskipulag og einnig má finna slíkar upplýsingar á heimasíðu HA, www.unak.is og á síðunni www.haskolanam.is.





FJARNÁM Á HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐI

B.S.-NÁM Í HJÚKRUNARFRÆÐI

Veturinn 2010 – 2011 stendur fjarnám í hjúkrunarfræði á fyrsta ári til boða á Akranesi. Eftir samkeppnispróf í desember er reiknað með að heildartala nemenda á fyrsta ári á vormisseri 2011 verði 50. Fjarnám í hjúkrunarfræði hefur verið í boði við Háskólann á Akureyri frá árinu 1998.

Meginmarkmið hjúkrunarfræðideildar er að mennta einstaklinga í undirstöðugreinum heilbrigðisvísinda í samræmi við þarfir samfélagsins hverju sinni. Nám til B.S.-prófs í hjúkrunarfræði tekur fjögur ár. Inntökuskilyrði eru að öllu jöfnu stúdentspróf eða sambærileg menntun. Heilbrigðisvísindasvið hefur markað þá stefnu að taka inn í hjúkrunarfræði sjúkraliða sem eru 25 ára eða eldri og hafa að lágmarki fimm ára starfsreynslu sem sjúkraliðar. Námið er alþjóðlega viðurkennt og veitir aðgang að fjölbreyttu framhaldsnámi á meistarastigi.

Hjúkrunarfræðingar frá Háskólanum á Akureyri eiga að vera faglega færir um að gegna almennum hjúkrunarstörfum, svo og stjórnunar- og fræðslustörfum á flestum sviðum heilbrigðisþjónustu. Atvinnumöguleikar eru fjölbreytilegir hérlendis og erlendis.

Námið skiptist í raunvísindi, hug- og félagsvísindagreinar og hjúkrunarfræðigreinar. Klínískt nám hefst strax á fyrsta ári, fer fram víða um land og tekur samtals 24 vikur.

Nám og kennsla

Kennsla staðar- og fjarnema fer fram samtímis með notkun gagnvirkis myndfundabúnaðar og kennarar nýta einnig rafræn kennsluferfi og tölvusamskipti. Gert er ráð fyrir að fjarnema séu í fullu námi líkt og staðarnema.

Deildin lítur svo á að persónuleg samskipti við fjarnema séu grundvallaratriði við kennslu í hjúkrunarfræði. Einnig er litið svo á að það námsumhverfi sem skapast í hópi nemenda sé vænlegt til árangurs. Því hafa þessar aðferðir verið valdar, en nýir kennsluhættir eru stöðugt í skoðun. Gert er ráð fyrir að nemendur komi til kennslu á Akureyri að lágmarki eina viku á hverju misseri.

Hópstærðir

Það er markmið deildarinnar að hverjum árgangi í heimanámi í deildinni fylgi a.m.k. einn hópur fjarnema. Skilyrði fyrir því að fjarkennsla sé sett á fót er samningur við símenntunarmiðstöð eða hliðstæða aðila á viðkomandi stað. Gerð er krafa um að minnst fimmtán nemendur hefji námið þar sem það er í boði.

Upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Lára Ósk Garðarsdóttir, skrifstofustjóri heilbrigðisvísindasviðs, í síma 460 8036, netfang: larag@unak.is.

B.S.-NÁM Í IÐJUPJÁLFUNARFRÆÐI

Fjarnám í iðjubjálfunarfræði með kennslulotum á Akureyri hófst haustið 2008. Með þessu móti er hægt að stunda nám í iðjubjálfun hvar sem er á landinu, óháð búsetu. Eftir samkeppnispróf í desember er reiknað með að heildartala nemenda á vormisseri fyrsta árs sé 25.

Háskólinn á Akureyri er eina íslenska menntastofnunin sem býður nám í iðjubjálfun. Áherslur og námsefni eru sótt til iðjuvísinda, heilbrigðisvísinda, raunvísinda og félagsvísinda. Nám til B.S.-prófs í iðjubjálfunarfræði tekur fjögur ár. Inntökuskilyrði eru að öllu jöfnu stúdentspróf eða sambærileg menntun. Námið er markviss undirbúningur undir þau fjölbreyttu störf sem iðjubjálfar sinna innan heilbrigðis- og félagsþjónustu, í skólakerfinu og á almennum markaði.

Nám og kennsla

Fjarnema eru í „sjálfsnámi“ milli þess sem þeir eru í kennslulotum á Akureyri. Námssefni er aðgengilegt á netinu. Í flestum tilvikum eru kennslustundir fyrir staðarnema teknar upp og gerðar aðgengilegar á vefnum. Í lotum sækja fjarnema tíma með staðarnemum þar sem megináhersla er lögð á verklega þjálfun og umræður. Loturnar eru u.þ.b. vikulangar einu sinni til tvisvar á misseri.

Samskipti nemenda

Ekki er gerð krafa um tiltekinn fjölda nemenda á hverju svæði, en það er kostur fyrir nemendur að stunda námið saman og njóta aðstöðunnar sem er í boði hjá þeim fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum sem eru í samstarfi við HA.

Upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Lára Ósk Garðarsdóttir, skrifstofustjóri heilbrigðisvísindasviðs, í síma 460 8036, netfang: larag@unak.is.



„Ég vissi frekar lítið um iðjubjálfun þegar ég skræði mig í námið. Það sem heillaði mig og varð til þess að ég valdi iðjubjálfun er hvað námið spannar breitt svið og þar af leiðandi eru starfsmöguleikarnir líka á breiðum vettvangi. Að iðjubjálfun er í boði í fjarnámi skipti líka máli við valið, þar sem ég bý ekki á Akureyri. Ég er á öðru ári og er enn ákveðnari, en ég var á fyrsta ári, í að klára þetta nám. Fjarnámið hefur lukkast mjög vel þrátt fyrir að vera frumraun á þessu sviði og allir sem að því koma eru boðnir og búnir til að aðlaga og breyta því sem betur má fara.“

Anna Alexandersdóttir
nemandi í fjarnámi



FJARNÁM Á HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐI

B.ED.-NÁM Í KENNARAFRÆÐUM (M.ED.-NÁM Í KENNARAFRÆÐUM – FRÁ 2012)

Fyrst var boðið upp á nám í kennarafræðum (á leik- og grunnskólastigi) við Háskólann á Akureyri árið 1993. Það stendur því á traustum grunni um leið og það er í stöðugri þróun. Nám til B.Ed.-gráðu er þriggja ára fullt nám í fjarnámi. Í beinu framhaldi af því geta nemendur síðan skráð sig í nám til M.Ed.-gráðu sem er forsenda kennsluréttinda. Það nám tekur tvö ár í fullu námi í fjarnámi og verður í boði frá og með haustinu 2012.

Áherslur í námi í kennarafræðum

Leiðarstef náms í kennaradeild hug- félagsvísindasviðs HA er gagnrýnin hugsun og ígrundað starf. Markmið deildarinnar er að mennta kennara sem hafa trausta þekkingu á undirstöðupáttum kennarastarfsins og geta tekist á hendur þau uppeldislutverk sem kennsla leggur þeim á herðar um leið og þeir eru færir um að þróa og móta skóla sem menntasamfélag í síkviku umhverfi. Áhersla er lögð á verklega þjálfun með vettvangsnámi.

Nám og kennsla

Kennsla fer ymist fram í staðbundnum námslotum á Akureyri eða um myndfundabúnað. Þess utan er námið vefstutt fjarnám þar sem nemendur nýta sér heimasíður og rafræn kennslukerfi. Gera má ráð fyrir að mætingaskylda sé í ákveðnum námskeiðum.

Hvenær er kennt?

Kennsla um myndfundabúnað fer að mestu fram á dagvinnutíma samkvæmt stundaskrá, en samkvæmt ákvörðun kennara þegar um verkefni í rafrænu kennslukerfi er að ræða. Gera má ráð fyrir að hvert misseri hefjist með námslotu á Akureyri en nákvæm tímasetning annarra lotna verður auglýst sérstaklega. Tímasetningin er breytileg eftir misserum.

Hópstærðir

Ekki er gerð krafa um tiltekinn fjölda nemenda á hverjum stað, en það er kostur fyrir nemendur ef þeir geta stundað námið saman og notið aðstöðunnar hjá þeim fræðslu- og símenntunarmiðstöðum sem eru í samstarfi við HA.

Upplýsingar

Nánari upplýsingar um fjarnám í kennarafræðum veita Torfhildur S. Þorgeirsdóttir, deildarstjóri á skrifstofu kennaradeildar, sími 460 8042, netfang: torfhild@unak.is; og Ingibjörg Smáradóttir fulltrúi, sími 460 8041, netfang ingibs@unak.is. Einnig má senda fyrirspurnir á kennaradeild@unak.is.



„Fjarnám er góður kostur fyrir mig þar sem ég get stundað námið í heimabyggð samhliða starfi. Þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum og gagnrýnni hugsun einkenna fjölbreytt námskeið og mikil áhersla er lögð á ígrundun og samvinnu. Aðgengi að kennurum er gott og samskipti um myndfundabúnað gera kennsluna persónulega og líflega þó um fjarnám sé að ræða.“

Jóhanna Þorvaldsdóttir
kennaranemi





FJARNÁM Á VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐI

B.S.-NÁM Í AUÐLINDAFRÆÐI

Grunnnám í auðlindafræði er þriggja ára nám. Hægt er að velja um eftirfarandi faggreinar:

- ▶ Líftækni
- ▶ Sjávarútvegsfræði
- ▶ Umhverfis- og orkufræði

Einkenni námsins er þverfagleg nálgun þar sem saman fara nám og rannsóknir í raunvísindum og tæknigreinum samhliða áherslum á hagfræði, stjórnun og markaðsfræði. Slík menntun er forsenda góðrar auðlindastjórnunar og skipulags, og ýtir undir sjálfbæra nýtingu auðlinda og verðmætasköpun.

Hvar verður námið í boði?

Námið er í boði óháð staðsetningu.

Nám og kennsla

Við miðlun námsins verður mest stuðst við rafræn kennslukerfi, heimasíður kennara og upptökur úr dagskóla. Í þeim námskeiðum sem eru samkennd með viðskiptafræði fer kennsla fram um myndfundabúnað. Kennsla í verklegum þáttum námskeiða fer fram í lotum, tvisvar sinnum ein vika á misseri og er þá nauðsynlegt að nemendur komi til Akureyrar.

Hvenær er kennt?

Kennsla er að mestu leyti óháð stund og stað. Þau námskeið sem kennt eru á myndfundum eru að jafnaði eftir kl. 17:00 á virkum dögum eða á laugardögum.

Hópstærðir

Almennt verður námskeið ekki kennt nema heildarföldi skráðra nemenda í námskeiðinu sé a.m.k. tíu.

Upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Ása Guðmundardóttir, skrifstofustjóri viðskipta- og raunvísindasviðs, í síma 460 8037, netfang: asa@unak.is.

B.S.-NÁM Í VIÐSKIPTAFRÆÐI

Nám í viðskiptafræði er hagnýtt nám þar sem einstaklingar eru menntaðir til stjórnunarstarfa, m.a. með þjálfun í faglegum vinnubrögðum við stefnumótun, ákvarðanatöku og stjórnun. Samhliða eru nemendur þjálfaðir í fræðilegum vinnubrögðum sem nýtast munu í framhaldsnámi.

Nemendur geta valið á milli tveggja áherslusviða:

- ▶ Fjármál
- ▶ Markaðsfræði

Hvar verður námið í boði?

Námið er í boði í samstarfi við fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar um allt land.

Nám og kennsla

Námsefni og öðrum samskiptum við nemendur verður fyrst og fremst miðlað um myndfundabúnað og rafræn kennslukerfi. Einnig er ætlast til að nemendur komi til Akureyrar einu sinni á misseri. Til viðbótar eru upptökur úr fyrirlesturum staðarnema og puldar glærur. Þær aðferðir eru notaðar sem gefa góða raun hverju sinni og taka þær mið af búnaði og tækni á hverjum tíma. Samstarfið við fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar hefur gefið mjög góða raun, ekki síst vegna þess hópeflis og samstarfs nemenda sem þar fer fram.

Hvenær er kennt?

Myndfundir fara fram utan venjulegs vinnutíma, þ.e. á virkum dögum eftir kl. 17:00. Önnur miðlun er að mestu óháð stund og stað en nemendur geta haft samskipti við kennara og sín á milli á vefnum og á myndfundum.

Hópstærðir

Á hverjum fjarkennslustað eru myndaðir námshópar með tíu nemendum að lágmarki.

Upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Ása Guðmundardóttir, skrifstofustjóri viðskipta- og raunvísindasviðs, í síma 460 8037, netfang: asa@unak.is.

”



„Ég tel viðskiptafræðinámið við HA vera gott nám sem nýtist vel í fjölbreyttum störfum sem í hinu daglega lífi. Áfangarnir voru kjarngóðir og áhugaverðir og gáfu góða mynd af þeim viðfangsefnum sem fjallað var um hverju sinni. Sá kostur að geta stundað slíkt nám í fjarnámi, þar sem framvindu námsins er stýrt eftir vilja og tíma hvers og eins, er einnig ótvíræður og gefur öllum tækifæri til að stunda nám, þrátt fyrir miklar annir í starfi eða leik. Ég leyfi mér hiklaust að mæla með viðskiptafræðináminu við HA.“

Böðvar Jónsson
fyrirum fjarnemi við HA





SAMSTARFSADILAR UM LAND ALLT

Lögð er rík áhersla á myndun námshópa þar sem boðið er upp á fjarnám. Með því móti myndast námssamfélag þar sem nemendur fá stuðning og hvatningu hver frá öðrum. Háskólinn hefur frá upphafi átt gott samstarf við fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar víða um land en kennt er til yfir 20 staða. Þar standa nemum til boða námsver með vinnuaðstöðu og nettengingu, aðgengi að myndfundabúnaði og aðstöðu til próftöku. Lokapróf eru í flestum tilvikum tekin hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvunum.

Helstu samstarfsaðilar eru:

Vesturland	Símenntunarmiðstöð Vesturlands
Egilsstaðir	Þekkingarnet Austurlands
Húsavík	Þekkingarsetur Þingeyinga
Höfuðborgarsvæðið	Námsflokkar Hafnarfjarðar, miðstöð símenntunar
Ísafjörður	Háskólasetur Vestfjarða
Reykjanesbær	Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
Sauðárkrúkur	Farskólinn – miðstöð símenntunar Norðurlandi vestra
Árborg	Háskólafélag Suðurlands
Vestmannaeyjar	Viska – Fræðslu- og símenntunarmiðstöð



Nemendur þurfa að koma einu sinni eða oftár á misseri til Akureyrar í námslotur. Þá er tilvalið að nýta ferðina og njóta þess sem Akureyri hefur upp á að bjóða:

- ▶ Verðlaunaðir veitingastaðir
- ▶ Glæsilegt skíðasvæði í Hlíðarfjalli
- ▶ Framúrskarandi sýningar í leikhúsinu
- ▶ Framsækið listasafn
- ▶ Stærsta bókabúð landsins
- ▶ Miðstöð verzlunar og þjónustu
- ▶ Góð kaffihús
- ▶ Tvö kvikmyndahús
- ▶ Keiluhöll
- ▶ Frábær aðstaða í Skautahöllinni
- ▶ Ein best útbúna sundlaug landsins

Nánar á www.visitakureyri.is

Nemendur við Háskólann á Akureyri geta gengið að því vísu að þeir öðlist góða menntun í metnaðarfullu og alþjóðlegu náms- og rannsóknarumhverfi. Almennigur, atvinnulíf og stjórnvöld geta treyst því að háskólinn takist á við viðfangsefni með gagnrýna hugsun og heill samfélagsins að leiðarljósi.

Háskólinn á Akureyri
Sólborg, Norðurláð 2
600 Akureyri
Sími: 460 8000
Netfang: unak@unak.is

Skrifstofustjóri
heilbrigðisvísindasviðs:
Lára Ósk Garðarsdóttir,
sími 460 8036,
netfang: larag@unak.is

Skrifstofustjóri
hug- og félagsvísindasviðs:
Heiða Kristín Jónsdóttir,
sími 460 8039,
netfang: hkj@unak.is

Deildarstjóri
kennaradeildar:
Torfhildur S. Þorgeirsdóttir,
sími 460 8042,
netfang: torfhild@unak.is.

Skrifstofustjóri
viðskipta- og raunvísindasviðs:
Ása Guðmundardóttir,
sími 460 8037,
netfang: asa@unak.is.

www.unak.is



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri